



Erindisbréf menntunar- og velferðarnefndar Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Hlutverk og skipan menntunar- og velferðarnefndar

Menntunar- og velferðarnefnd er ráðgefandi fyrir stjórn Sambandsins í menntunar- og velferðarmálum.

Stjórn Sambandsins skipar sjö fulltrúa í menntunar- og velferðarnefnd í upphafi hvers kjörtímabils. Skulu þeir annars vegar koma úr hópi kjörinna fulltrúa, þar af einn úr stjórn Sambandsins, og hins vegar úr hópi ráðinna stjórnenda sveitarfélaga. Nefndin kys sér sjálf formann.

Helstu verkefni menntunar- og velferðarnefndar

- Taka þátt í undirbúningi stefnumörkunar Sambandsins á sviði menntunar- og velferðarmála: Undir það falla t.a.m. menntamál á leik- og grunnskólastigi, velferð barna og fullorðinnar, frístundamál, forvarnarmál, málefni fatlaðs fólks, málefni eldra fólks, fjölmeningarmál og lýðræðis- og mannréttindamál.
- Veita, eftir því sem við á, álit um lagafrumvörp, reglugerðir og opinberar áætlanir eða aðra stefnumótun sem varða menntunar- og velferðarmál, að beiðni stjórnar eða starfsmanna Sambandsins.
- Vekja athygli á málum sem nefndin telur að þarfnist úrlausnar á vettvangi Sambandsins, sem og á þróun, innanlands og erlendis, sem nefndin telur þörf á að Sambandi vinni að eða miðli upplýsingum um.
- Vera til ráðgjafar við undirbúning viðburða Sambandsins á sviði menntunar- og velferðarmála.

Boðun funda og fundargerðir

Fundir nefndarinnar eru haldnir eftir þörfum. Teymisstjóri menntunar- og velferðarteymis boðar fundi með skriflegri dagskrá með hæfilegum fyrirvara í samvinnu við formann nefndarinnar. Formaður stjórnar fundum nefndarinnar en teymisstjóri gengur frá fundargerðum í samráði við fundarmenn. Fundargerðir eru lagðar fyrir stjórn Sambandsins til kynningar og birtar á heimasíðu Sambandsins.

Kostnaður af störfum nefndarinnar

Greidd er þóknun fyrir starf í nefndinni, þ.e. tiltekin þóknun fyrir hvern setinn fund, svo og ferðakostnaður þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins, sbr. reglur Sambandsins um greiðslur fyrir setu í fastanefndum.

Erindisbréf þetta er samþykkt af stjórn
Sambands Íslenskra sveitarfélaga

13. desember 2024

